



Skipulagsstofnun  
B.t. Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 8. janúar 2019  
Tilvísun: 2019010140

**Efni: Umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar í Álfnesvík**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2018 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um drög að matsáætlun vegna landfyllingar og hafnar fyrir efnisvinnsluvæði Björgunar í Álfnesvík. HER hefur áður veitt Björgun ehf. umsögn um sama mál dags. 25. september 2018. HER hefur farið yfir meðfylgjandi drög að matsáætlun og gerir eftirfarandi umsögn.

HER vill benda á að hávaði frá starfseminni getur magnast upp við endurkast í Esjuhlíðum eins og raunin er með hávaða frá nærliggjandi skotvöllum. Ónæði gæti því orðið meira en gert er ráð fyrir með hefðbundnum útreikningum á dreifingu hávaða og þarf að athuga sérstaklega. HER bendir á að í viðauka 1 þar sem svarað er fyrri athugasemdum HER frá 25. september 2018 kemur fram að meta eigi hávaða og titring frá umferð. HER vill hér áréttu að á undanförnum árum hafa borist kvartanir vegna titringsáhrifa frá starfsemi Björgunar við Sævarhöfða, en þar er um að ræða titring frá hörpun, ekki frá umferð. Mikilvægt er að umhverfismat taki til mögulegra áhrifa vegna titrings frá hörpun og mögulegum mótvægisáðgerðum. Að lokum vill HER benda á að í kafla 1.4 þar sem fram kemur að starfsemin sé starfsleyfisskyld hjá HER þarf að breyta heiti reglugerðar sem vísað er til. Starfsleyfi eru nú gefin út samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit en vísað er til reglugerðar nr. 785/1999 sem fallin er úr gildi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til frekari athugasemda varðandi þetta mál á síðari stigum.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

*Svava S. Steinarsdóttir*

Svava S. Steinarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi